

## 35. Stjórnarfundur FENÚR

haldinn 30. ágúst 2001 kl. 08:15 á skrifstofu Endurvinnslunnar, Knarrarvogi.  
Mættir: Gunnar Bragason, Björn Halldórsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingi Arason, Jóhannes Pálsson, Ásmundur Reykdal og í síma Pétur Bjarnason

Fundargerð síðasta fundar ekki tilbúin.

### **Innheimta styrkja, vegna LCA verkefnisins.**

BH sendi bréf og gangi eftir framlögum frá Sorpsamlagi Mið- Austurlands. Áfram verði reynt að fá framlög frá þeim sorpsamlögum, sem hafa ekki svarað. (Sorpsamlag Mið-Héraðs, og Sorpsamlag Þingeyinga)

### **Merkinga kerfi FENÚR.**

Farið yfir fyrri samþykktir um kynningu og sölu merkjanna. GTÓ lagði fram uppkast að kynningarbréfi til líklegra notenda merkjanna og gjaldskrá. Setja þarf upp gjaldskrá, þar sem fram kemur að félagar í FENÚR njóta betri kjara, en þeir sem eru utan félags. Einnig þarf að upplýsa um hvernig afgreiðsla merkjanna fer fram. GTÓ, IA og AG, ljúka þessu máli.

### **Starfshópar, kynning dagskrár á haustráðstefnu.**

BH lagði fram ítarlega tillögu um dagskrá haustfundar FENÚR, sem haldinn verður á Akureyri 26. október. Lagt til að þáttökugjald verði kr. 5000,00 fyrir félagsmenn FENÚR en kr. 7000,00 fyrir utanfélagsmenn. Tillagan rædd og hópstjórum falið að ganga frá endanlegri dagskrá og senda út boðsbréf til allra, sem áhuga kunna að hafa á að sækja slíka ráðstefnu. (ekki bundið við féлага í FENÚR.)

### **ISWA ráðstefna í Stavanger.**

GB og ÁR, munu sækja ráðstefnuna fyrir hönd FENÚR og einnig fund í DNR, þar sem fjallað verður um tillögur, sem lagðar verða fyrir aðalfund ISWA.

### **Félgasgjöld/félagsmál.**

JP ræddi um vanskil nokkurra aðila á félgasgjöldum, og mun einbeita sér að innheimtu þeirra.

BH lagði fram bréf frá nýjum forstöðumanni Siðfræðinefndar Háskóla Íslands, þar sem tilkynnt er úrsögn úr FENÚR. GB tók að sér að hafa samband við forstöðumanninn og fá hann (hana) til að endurskoða úrsögnina.

### **Önnur mál.**

GTÓ vill leggja áherslu á öflun nýrra félagsmanna í FENÚR. Setja upp lista með líklegum þáttakendum og vinna að málinu út frá honum.

### **Gólfmót FENÚR.**

Gólfmót FENÚR var haldið 15. ágúst sl. í blíðskapar veðri og tókst vel. Mótið var haldið á gólfvelli gólfklúbbsins Oddi. Þáttakendur voru 24. Sigurvegarar voru fulltrúar Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 09:30

Á.R.